



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. apríl 2021

2104009SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030, 645. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 7. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030, 645. mál.

Í tillögunni er lagt til að leiðarljós lýðheilsustefnu fram til ársins 2030 verði heilsuefling og forvarnir og þau verði hluti af allri þjónustu innan heilbrigðiskerfisins. Segir einnig að framtíðarsýn fyrir lýðheilsu á Íslandi verði eftirfarandi:

- a) Lýðheilsustarf verði markvisst, á heimsmaelikvarða og einkennist meðal annars af þverfaglegu samstarfi heilbrigðisþjónustu, sérstaklega heilsugæslu, og annarra hagaðila á Íslandi, t.d. sveitarfélögum, með áherslu á heilsueflingu og forvarnir.
- b) Lýðheilsustarf verði metið með því að mæla gæði öryggi, árangur, aðgengi og kostnað sem og kostnaðarhagkvæmni.

Eins og sjá má leggur heilbrigðisráðherra til mjög háleit markmið þar sem stefna á að lýðheilsustarfi á heimsmaelikvarða og þátttöku fjölbreyttra aðila. Vekur sérstaka athygli hversu þýðingamikið og aukið hlutverk heilsugæslum er falið í þessu verkefni og styður sambandið þá nálgun og treystir á að unnið verði í nánú samráði við sveitarfélögin að þeirri útfærslu.


Sambandið hefur þó efasemdir um að markmiðum lýðheilsustefnunnar verði náð. Um er að ræða metnaðarfulla stefnu sem krefst þess að fjöldi aðila vinni markvisst í sömu átt. Líkt og öllum á að vera orðið ljóst er einn lykilþáttur í því að fá fjölda aðila til að vinna að sama marki, að aðilar upplifi eignarhald og sjái hlutverk sitt endurspeglast í markmiðum. Sem dæmi um árangursríka stefnumótunarvinnu er frumvarp um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna þar sem ólíkir stjórn mála flokkar, ráðuneyti og sveitarfélög hafa unnið saman að bættum hag barna. Lýðheilsa og forvarnir er stór þáttur í starfsemi sveitarfélaga og almannaheillafélaga og vekur því furðu að þeir aðilar hafi ekki verið kallaðir til við gerð stefnunnar enda hafa samráðsfundir verið haldnir að minna tilefni en þessu. Einnig er talið rétt að vekja athygli á því viðhorfi ráðuneytisins er kemur fram í samráðskaflanum þar sem segir „Í tilefni umsagnarinnar er jafnframt rétt að taka fram að ráðuneytið hefur haft náið samráð við embætti landlæknis við gerð þessarar tillögu og **sendi hana sérstaklega til umsagnar til Sambands íslenskra sveitarfélaga með tilkynningu**“. Er hér verið að vísa til þess er ráðuneytið vakti athygli á því að

drög að lýðheilsustefnu væri komin í samráðsgátt stjórnvalda. Samráðsgátt stjórnvalda hefur það markmið að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila. Samráðsgáttin kemur þó aldrei í stað virks samráðsferils með þátttöku hagsmunaaðila t.d. í starfshópnum, nefndarstarfi eða óformlegu samtali og fundum við gerð t.d. þingsályktunartillögu er snertir starf allra sveitarfélaga. Það er miður ef ráðuneyti fari að færa sig eingöngu yfir á skrifleg samskipti því samtal um málefni og skoðanaskipti getur verið undanfari góðra hugmynda og samvinnu. Einnig er vakin sérstök athygli á því að sambandið óskaði eftir fundi með ráðuneytinu eftir að umsögn var send í samráðsgátt en ekki var orðið við þeirri beiðni.

Sambandið telur einnig mikilvægt að ítreka úr fyrri umsögn mikilvægi þess að lýðheilsustefna taki mið af og tengist annarri áætlanagerð og stefnumótun stjórnvalda og ber þar sérstaklega að nefna stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024 og landsskipulagsstefnu. Að öðru leyti vísar sambandið til umsagnar um drög að lýðheilsustefnu er send var í samráðsgátt 2. mars sl. og er hún meðfylgjandi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri